

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vinnlustöðin hf. Vestmannaeyjar



Dags eftirlits	5.2.2013	Fulltrúi UST	Ólafur Kristinn Tryggvason
Fyrirtæki	Vinnlustöðin hf.	Fulltrúi UST	
Heimili	Hafnargötu 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700269-3299	Flokkur	Fiskimjölverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Friðbjörnsson	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Ingi Sigurðsson og Páll Siurðsson	Staðsetning	436194,528 327119,082

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu fram í eftirlitinu. Ítrekuð er athugasemd frá fyrra eftirliti um opið hlið á lekavarnaþró.

UMFANG EFTIRLITS

Megináhersla eftirlits var lögð á fráveitu, frávik mælinga og skil. Farið var yfir hvernig framkvæma eigi frárennismælingar og bent á nýútkomnar leiðbeiningar frá Umhverfisstofnun. Farið var yfir ákvæði í gr. 3.9 þar sem tafla sem sýnir losunarmörk og hvaða atriði þurfi að koma fram í niðurstöðum í frárennisskýrslum. Minnt var á að skv. bréfi Umhverfisstofnunar dags. 22. janúar 2013 var óskað eftir því að mælingar bærust Umhverfisstofnun fyrir 1. maí ár hvert.

Á fundi með fulltrúum fyrirtækisins og ráðgjafa var gengið úr skugga um að starfsleyfi fyrirtækisins væri til staðar á starfsstöðinni.

Farið var yfir ýmis atriði í starfsleyfi. Farið var yfir ákvæði í gr. 1.5 um að láta Umhverfisstofnun vita þegar verksmiðjan er gangsett eftir meira en mánaðar stopp. Verksmiðjustjóri sagði að það kæmi varla fyrir að verksmiðjan væri svo lengi stopp í einu.

TVN skýrslum fyrir árið 2012 var skilað til Umhverfisstofnunar og skýrsla fyrir janúar 2013 var afhent í eftirlitinu. Grænt bókhald hafði einnig borist.

Spurt var út í olíubrennslu fyrirtækisins og hvort notuð væri úrgangsolía. Eingöngu er notuð svartolía 380 og sýndu nótur sem eftirlitsaðili fór yfir að svo var. Einnig var spurt út í magntölur fyrir síðast ár og birgðastöðu.

Farið var í eftirlitsferð um verksmiðjuna sem var ekki í gangi og um útisvæði. Sérstök áhersla var lögð á að skoða hreinsibúnað frárennissis og olíukatlna þrjá. Aðallega var skoðað hvernig gengið var frá varakatli þannig að hann væri óstarfhæfur.

Farið var yfir úrbætur á atriðum sem athugasemdir voru gerðar við í síðasta eftirliti. Búið er að loka gati í eldri lekavarnaþrónni en hliði á nýrri lekavarnaþró utan um lýsis- og olíutanka, gr. 3.12 í starfsleyfi, hefur ekki enn verið lokað þar sem framkvæmdum innan þróar er ekki lokið en samkvæmt upplýsingum rekstraraðila verður steypt verður upp í hliðið í sumar.

ATHUGASEMDIR

Ítrekuð athugasemd er gerð við að hlið á lekavarnaþró er opið og lögð áhersla á að framkvæmdum verði hraðað og bætt verði úr um leið og þeim lýkur.

ANNAÐ

Minnt var á að núverandi starfsleyfi rennur út 1. febrúar 2014 og hvatt til að sótt verði um nýtt starfsleyfi sem fyrst.

Reykjavík, 21.02.2013

Ólafur Kristinn Tryggvason

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.